

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Egilsstaðir, 22.5.2023
UST202302-059/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. apríl 2023 - Matorka ehf. Fellsmúla

Þann 17. apríl sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Matorku ehf. að Fellsmúla. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila er bent á að huga að nákvæmni mælinga, sér í lagi mælinga á svifögnum.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs frá stöðinni var árið 2021 umfram heimiluð mörk í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. júní 2023.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur